

Mál nr. 110/2019

M og
V vegna skaðatryggingar lausafjár.Ágreiningur um bótaskyldu vegna þjófnaðar úr skrifstofu.**Gögn.**

Málskot mótttekið 20. mars 2019, ásamt fylgiskjöllum.

Bréf V, dags. 1. apríl 2019.

Málsatvik.

Samkvæmt fyrirbyggjandi lögregluskýrslu í málinu kemur fram að M hafi mætt á lögreglustöð þann 22.12.2018 og tilkynnt um þjófnað á myndavélatösku, sem í var myndavél og þrjár linsur. Fram kemur að töskunni hafi verið stolið einhvern tíma í desember af skrifstofu M í fyrirtæki þar sem hann er framkvæmdastjóri.

M hefur krafist bóta úr skaðatryggingu lausafjár sem M hefur í gildi hjá V. V hefur hafnað bótaskyldu með vísan til ákvæðis g-liðar 2.1. gr. í skilmálum vátryggingarinnar, sem kveður á um að vátryggingin bætir ekki „*tjón vegna þjófnaðar úr ólæstum híbýlum, bifreiðum og bátum*“. Þá kemur fram í bréfi V til nefndarinnar að V lítur svo á að M hafi brotið gegn varúðarreglum vátryggingarskilmálans um að vátryggðum beri að gera eðlilegar ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir að hið tryggða skemmist eða glatist. Í þessu sambandi vísar V til þess að M hafi ekki tryggt að tækin væru ekki aðgengileg fyrir óviðkomandi. M hefur ekki fallist á synjun V og vísar til þess að synjunin byggji á rangri málfarslegri túlkun á orðinu „híbýli“, sem geti skv. skilgreiningu aðeins náð til heimila manna en ekki til vinnustaða. M telur að þar sem þjófnaðurinn hafi farið fram á vinnustað geti félagið ekki borið fyrir sig framangreindu skilmálaákvæði.

Álit.

Ágreiningur í málinu snýst annars vegar um það hvort þjófnaður úr skrifstofurými geti fallið undir skilmálaákvæði sem undanskilur þjófnað úr ólæstum híbýlum og hins vegar hvort M hafi brotið gegn tilgreindu varúðarákvæði vátryggingarskilmálans.

Að teknu tilliti til orðskýringar sem vísað er til af hálfu M og með hliðsjón af almennri málvenju verður að líta svo á að orðið „híbýli“ eigi einungis við um heimili manna. Þar af leiðandi, og með hliðsjón af andskýringarreglu vátryggingarréttar er ljóst að framangreint ákvæði g-liðar 2.1. gr. vátryggingarskilmálans undanskilur ekki þjófnað úr ólæstum skrifstofum á vinnustað.

Í vátryggingarskilmálum kemur fram að vátryggður skuli gæta hins vátryggða vel og gera eðlilegar ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir að það skemmist eða glatist. Í lögum um vátryggingarsamninga nr. 30/2004 er að finna ófrávíkjanlegar reglur sem varða samningssamband milli vátryggingartaka og vátryggingafélags. Líta verður til ákvæða skilmálanna í ljósi túlkunar á umræddum lögum, þá sérstaklega 26. gr. þeirra. Þar kemur fram að vátryggingafélag geti takmarkað ábyrgð sína að fullu eða að hluta ef brotið er gegn varúðarreglum sem tilgreindar eru í vátryggingaskilmálum. Varúðarreglur eru skilgreindar í 2. gr.e. í lögunum sem þær reglur sem geyma fyrirmæli til vátryggingartaka um tiltekna ráðstafanir.

Við mat á því hvort M hafi brotið gegn umræddri varúðarreglu verður að líta til þess að varúðarreglan sem um ræðir er nokkuð almenns eðlis og felur ekki í sér tiltekin fyrirmæli um það með hvaða hætti vátryggður skuli geyma hið vátryggða. V var hins vegar í lófa lagið að kveða á um það með skýrum hætti. Með hliðsjón af orðlagi varúðarreglunnar og atvikum öllum telst ósannað að M hafi brotið gegn umræddri varúðarreglu vátryggingarskilmálans. Verður V skv. meginreglum vátryggingarréttar að bera hallann af þeim sönnunarskorti. M á því rétt á óskertum bótum.

Niðurstaða.

M á rétt á fullum bótum úr skaðatryggingu lausafjár hjá V.

Reykjavík 30. apríl 2019

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Guðmundur Stefán Martinsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.